



# Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016



RÍKISENDURSKOÐUN

Október 2017

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
1 Inngangur .....	3
2 Niðurstöður og ábendingar .....	4
3 Fjárheimildir og rekstur .....	5
3.1 Fjárheimildir .....	5
3.2 Rekstraráætlun.....	5
4 Innra eftirlit.....	6
4.1 Inngangur .....	6
4.2 Umfjöllun .....	6
4.3 Niðurstöður/ábendingar .....	6
5 Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1 Inngangur .....	7
5.1.1 Ferðakostnaður.....	7
5.1.2 Opinber innkaup og innkaupakort.....	7
5.1.3 Láns- og reikningsviðskipti .....	7
5.1.4 Styrkir.....	7
5.1.5 Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur.....	7
5.1.6 Kaup og sala eigna ríkisins .....	7
5.2 Niðurstöður .....	7
6 Endurskoðun rekstrarliða .....	8
6.1 Tekjur .....	8
6.2 Laun og launatengd gjöld.....	8
6.3 Rekstrargjöld, önnur en laun og eignakaup .....	8
6.4 Niðurstöður .....	9
7 Endurskoðun efnahagsliða .....	10
7.1 Eignir .....	10
7.1.1 Skammtímakröfur .....	10
7.1.2 Handbært fé.....	10
7.2 Eigið fé og skuldir .....	10
7.2.1 Höfuðstóll .....	10
7.2.2 Skammtímaskuldir .....	11
7.3 Niðurstöður .....	11
8 Önnur atriði .....	12
8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda .....	12
8.2 Lögfræðibréf .....	12
8.3 Óhæðisyfirlýsing.....	12
8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	12

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Litið er á endurskoðun ársreiknings embættis Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum fyrir árið 2016 sem nýtt verkefni þar sem embættið er nýtt eftir sameiningar lögregluembætta þann 1.1.2015 og hefur ekki verið endurskoðað áður af Ríkisendurskoðun.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda og ekki verður annað séð en að embættið fylgi þeim lögum og reglugerðum, sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ársins 2016 nam 190,3 m.kr. samanborið við 171,1 m.kr. á fyrra ári sem er hækkun um 13,0 m.kr. eða 7,6%.

Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 189,9 m.kr. Þar af nam framlag frá ríkinu 190 m.kr. og varð því 0,4 m.kr. tekjuafgangur á árinu 2016 samanborið við 6,2 m.kr. tekjuhalla árið áður. Rekstrargjöld umfram sértekjur hækkuðu milli ára um 12,6 m.kr. eða 1,9%.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Tekjur	-11.200	-11.200	-7.163	-4.037	-7.760
Launagjöld	165.400	175.400	164.085	11.315	153.107
Önnur rekstrargjöld	25.100	25.100	32.624	-7.524	30.164
Eignakaup	1.000	1.000	312	688	1.775
Tilfærslur	-	-	10	-10	0
<b>Samtals</b>	<b>180.300</b>	<b>190.300</b>	<b>189.868</b>	<b>432</b>	<b>177.286</b>

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum og yfirlögregluþjónn vinna saman að gerð rekstraráætlunar. Grunnur að nýrri rekstraráætlun kemur frá Fjársýslu ríkisins. Í framhaldi eru öll frávik frá áætlun fyrra árs skoðuð og tekið er tillit til þeirra við gerð næstu rekstraráætlunar svo að áætlanir sýni sem gleggsta mynd af rekstri embættisins. Stjórnendur embættisins fara reglulega yfir rekstraráætlun og eru frávik, ef einhver eru, greind.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Áhættumat tekur mið af því hvernig innra eftirliti er háttað hjá embættinu og hvaða verklagsreglum er beitt þar til að stuðla að öryggi í meðferð og umsjón fjármuna og annarra eigna auk bókhalds- og upplýsingakerfa. Könnun á ábyrgðarsviði starfsmanna í stofnuninni og aðgangsheimildum þeirra að tölvukerfum hennar gefur til kynna að aðgreining starfa virðist vera með fullnægjandi hætti hjá embættinu. Fjárhagskerfi ríkisins (Orri) er notað fyrir bókhalds- og launavinnslu.

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu leiddi í ljós að ýmsir verkferlar sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi bókhald, fjármál og tölvumál eru fyrir hendi hjá embættinu. Starfslýsingar þar sem kveðið er á um verkefni og ábyrgðarsvið eru til staðar fyrir alla starfsmenn og ákveðin verkaskipting er á milli lögreglustjóra og starfsmanns bókhalds. Formlegir verkferlar liggja fyrir hjá stofnuninni.

### 4.3 Niðurstöður/ábendingar

Innra eftirlit er í föstum skorðum hjá stofnuninni og virðast tryggja viðunandi árangur.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstakleg um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3.

Undir þessum lið er skoðað hvort rekstur embættisins hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hann gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016.

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða.

#### 5.1.2 Opinber innkaup og innkaupakort

Innkaup embættisins fara að mestu fram með innkaupakortum en samtals eru níu kort hjá embættinu. Innkaupastefna og verklagsreglur varðandi innkaup eru skjalfestar.

#### 5.1.3 Láns- og reikningsviðskipti

Embættið er með tvær lögreglubifreiðar á leigu. Allur kostnaður vegna þeirra viðskipa er ákvarðaður af Ríkislögreglustjóra. Ekki er sendur reikningur til embættisins vegna þeirra viðskipa heldur fer millifærsla fram hjá Fjársýslu ríkisins.

#### 5.1.4 Styrkir

Embættið veitti ekki styrki á árinu 2016.

#### 5.1.5 Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Endurgreiddur virðisaukaskattur til stofnana er millifærður reglulega á Ríkissjóð. Þar sem um er að ræða millifærslur er ekki sótt um endurgreiðslu vegna þessa hjá RSK.

#### 5.1.6 Kaup og sala eigna ríkisins

Samkvæmt bókhaldi embættisins var engin sala eigna hjá stofnuninni árið 2016.

### 5.2 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að embættið fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald.

## 6 Endurskoðun rekstrarliða

### 6.1 Tekjur

Tekjur embættisins á árinu 2016 eru einkum löggæslukosnaður, endurgreiddur ferðakosnaður, tekjur vegna húsaleigu, og kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu.

Kannaðir voru verkferlar vegna tekna, greining gerð á heildartekjum og skoðuð sundurliðuð breyting milli ára. Löggæslukostnaður lækkaði um 5,6% en tekjur af leigu og kostnaðarhlutdeild í húsnæði hækkaði um rúman helming. Löggæslukostnaðurinn er að stærstum hluta vegna þjóðhátíðar og er samningur um hann.

Til eru skriflegar verklagsreglur varðandi útgáfu tekjureikninga en fjársýslan sér um gerð þeirra. Yfirlögregluþjónn gerir drög að reikningum sem bókari skráir í form fjársýslunnar. Fjársýslan gerir síðan reikninga og sendir til viðskipavinar. Bent var á að hægt væri að stemma saman reglulega dagbók lögreglu og tekjuskráningu Fjársýslu.

### 6.2 Laun og launatengd gjöld

Á árinu 2016 námu laun og launatengd gjöld um 163,3 m.kr. eða 82,9% af rekstrarkostnaði embættisins. Þessi liður hækkaði frá fyrra ári um 10,9 m.kr. eða 7,1%. Ársverk voru 13,91 á árinu 2016 og hafði fækkað um 0,14 frá fyrra ári.

Kannaðir voru verkferlar vegna launa við endurskoðun ársins. Auk þess var sundurliðaður launakostnaður borinn saman milli ára og frávik greind. Kannað var hvort samningar, starfslýsingar, undirskriftir, skráning í launaflokka, gögn vegna launabreytinga og dagsetningar á gögnum samræmdust viðeigandi lögum, reglum og verklagsreglum. Í öllum tilfellum var farið í frumgögn og skoðað hvort öll formskilyrði væru uppfyllt. Endurskoðunin beindist að skjalfestingu á ráðningarsamningum og launabreytingum. Úrtakið var fimm starfsmenn eða 20,6% starfsmanna.

Lögreglustjórinn gerir ráðningarsamninga og heldur skipulega utan um upplýsingar er varða einstaka starfsmenn. Eftir ráðningu starfsmanna skráir Fjársýsla ríkisins inn launaflokk og þrep í launakerfið og eru þær upplýsingar í kerfinu eftir það. Vinnustund er notuð hjá embættinu. Launaframkvæmdin er í höndum yfirlögregluþjóns og bókara. Lögreglustjóri fer yfir launalista um hver mánaðarmót. Launavinnsla fer síðan fram hjá Fjársýslu ríkisins. Ekki eru gerðar athugasemdir við yfirferð launagjalda vegna ársins 2016.

### 6.3 Rekstrargjöld, önnur en laun og eignakaup

Greining var gerð á öðrum rekstrargjöldum og samanburður við fyrra ár. Margir rekstrarliðir lækkuðu á milli ára en talsverð hækkun varð á kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu lögregluembætta og samrekstri húsnæðis. Við endurskoðun rekstrarkostnaðar var farið yfir



verkferla sem eiga að tryggja að eingöngu reikningar sem tilheyra embættinu séu færðir til gjalda

Embættið er með níu innkaupakort og hafa þeir starfsmenn sem það hafa heimild til að kaupa inn minni rekstrarvörur og þurfa þeir að skila reikningi fyrir úttekt sem bókarí áritar einnig fyrir greiðslu, lögreglustjóri áritar einnig stærri úttektir.

Endurskoðun rekstrarkostnaðar gaf ekki tilefni til athugasemda. Hins vegar er bent á að samþykkt er yfirleitt skipt milli tveggja aðila, þess sem kaupir inn og hans yfirmanns. Samþykki þess sem kaupir inn felur í sér að staðfesta móttöku vöru eða þjónustu, verð og önnur ákvæði samnings. Samþykki hans yfirmanns væri síðan að heimila greiðslu.

## 6.4 Niðurstöður

Til að tryggja að allar tekjur skili sér er lagt til að stemma saman reglubundið dagbók lögreglu og tekjureikninga.

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við yfirferð launagjalda vegna ársins.

Bent er á að samþykkt er yfirleitt skipt milli tveggja aðila, þess sem kaupir inn og hans yfirmanns.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 10,7 m.kr., skuldir námu 16,0 m.kr., og höfuðstóll var neikvæður um 5,3 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Skammtímakröfur	538.178	69.384	468.794
Handbært fé	10.173.997	8.991.949	1.182.048
Eignir alls	10.712.175	9.061.333	1.650.842
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-5.254.172	-11.285.853	6.031.681
Ríkissjóður	14.116.827	18.532.267	-4.415.440
Skammtímaskuldir	1.849.520	1.814.919	34.601
Eigið fé og skuldir alls	10.712.175	9.061.333	1.650.842

Efnahagsliðir voru yfirfarnir með tilliti til stöðu einstakra liða. Yfirlit og afstemmingar voru yfirfarnar og leitað skýringa þar sem þess þótti þörf. Viðhlítandi skýringar og svör fengust við þeim atriðum sem leitað var eftir.

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Skammtímakröfur

Viðskiptakrafa í árslok var innheimt í byrjun árs 2017. Skilvirkni í innheimtu viðskiptakrafna hjá embættinu er í góðu lagi.

#### 7.1.2 Handbært fé

Handbært fé embættisins nam um 10,2 m.kr. í árslok. Hjá embættinu er einn bankareikningur og er hann notaður fyrir löggæslukostnað og matarmiða starfsmanna. Endurskoðun á handbæru fé fólst í því að staðfesta bankareikning með því að bera saman bókhald við gögn frá viðskiptabanka. Yfirferðin er án athugasemda.

### 7.2 Eigið fé og skuldir

#### 7.2.1 Höfuðstóll

Í lok ársins 2016 sýnir höfuðstóll embættisins umframkeyrslu gagnvart fjárlögum og fjárheimildum samtals 5,3 m.kr. og hefur staðan batnað um 6,0 m.kr. frá ársbyrjun eða sem

nemur breytingu vegna lokafjárlaga en þá varð 5,6 m.kr. greiðsla og sem nemur tekjuhalla ársins. Í upphafi árs var embættið með neikvæðan höfuðstól upp á 11,3 m.kr.

### 7.2.2 Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir embættisins námu 15,9 m.kr. í árslok 2016. Þær skiptast í viðskiptaskuldir og skuld við ríkissjóð.

Viðskiptaskuldir stofnunarinnar námu 1,8 m.kr. í árslok en þær voru greiddar í ársbyrjun 2017.

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningssskilum stofnunarinnar. Í árslok 2016 var 14,1 m.kr. skuld við ríkissjóð færð í efnahagsreikning embættisins. Engar athugasemdir voru gerðar við yfirferð skammtímaskulda.

## 7.3 Niðurstöður

Gott eftirlit er með skammtímakröfum og skammtímaskuldum.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af lögreglustjóra embættisins.

### 8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi embættisins árið 2016 og samkvæmt upplýsingum lögreglustjóra, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi embættið.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur undirrituð óhæðisyfirlýsing af þeim starfsmanni sem vann við endurskoðunina.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum var undirrituð af ríkisendurskoðanda og lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100  
[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)